

Nd.

528. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvareandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Þegar samþykkt voru lög um ábyrgð á innstæðufé hjá Útvegsbanka Íslands h/f, var Alþingi það kunnugt, að allmikið fé hafði verið tekið út úr bankanum, fram yfir það, sem eðlilegt var. Þótt sú úttekt hafi stöðvazt jafn- skjótt og ábyrgðin var samþykkt og heldur hafi aukizt innlánsfé síðan, þá er það ekki nema brot af því, er út hafði verið tekið frá því bankinn hóf starf- semi sína.

Þegar þar við bætist hin mikla skuldaaukning við bankann vegna verð- falls á íslenskum afurðum árin 1930 og 1931, þá má það vera hverjum auðsætt, að bankinn getur eigi af eigin rammleik sinnt nauðsynlegum lánbeiðnum við- skiptamanna sinna á yfirstandandi útgerðartímabili.

Er því farið fram á það í frv., að ríkisstjórninni sé gefin heimild til þess að ábyrgjast allt að 100 þúsund sterlingspunda lán handa Útvegsbanka Íslands h/f, til þess að hann geti greitt úr brýnustu þörfum viðskiptamanna sinna.

Bankaráð Útvegsbankans ritaði fjármálaráðherra, 2. apríl, svo hljóðandi bréf um málið:

„Eins og hv. fjármálaráðherra er kunnugt af viðtali við oss, er meginhlutinn af fé því, 150000 sterlingspund, er tekið var með ábyrgð rikissjóðs handa Útvegsbankanum á síðastliðnu ári, fast í útlánum bankans, sem stafar fyrst og fremst af hinum miklu erfiðleikum, sem atvinnuvegir landsmanna eiga við að búa, og í öðru lagi af því, að fé hefir verið tekið út úr bankanum frekar en eðlilegt er, allt fram til 25. febrúar, að sú úttekt stöðvaðist, þegar rikissjóður tók ábyrgð á innstæðum í bankanum. Þar að auki gekk nokkur hluti hins nýja láns til þess að greiða fasta skuld hjá Hambrosbanka, en það var skilyrði fyrir lánveitingunni, að sú skuld yrði þá greidd.

Í vetur hefir bankinn því ekki að neinu verulegu leyti getað veitt lán til útgerðarinnar, en nú fer sá tími í hönd, sem mest er þörf á rekstursfé.

Oss telst svo til, að í Vestmannaeyjum þurfi að veita lán, er eigi nemi minna en 700 til 800 þús. krónur og til útgerðarinnar hér í Reykjavík og annarsstaðar eigi lægri fjárhæð en 1200 til 1500 þús. krónur, þar sem vér búumst við, að veita þurfi, að venju, lán til verkunar á fiskinum að meira eða minna leyti.

Hér er aðeins átt við lán vegna viðskiptamanna Útvegsbankans og oss hefir skilizt, að eigi geti verið um nein veruleg endurkaup að ræða frá Landsbankanum á þessu ári, og teljum vér því brýna nauðsyn á því, að útvegað sé nýtt lánsfé í því skyni, er að ofan getur, teljum vér fullvíst, að það muni ekki fást nema með ábyrgð rikissjóðs.

Fyrir því leyfum vér oss fyrir hönd Útvegsbanka Íslands h/f að snúa oss til yðar, hv. fjármálaráðherra, og fara þess á leit, að þér beitið yður fyrir því, að heimild verði gefin af Alþingi handa rikisstjórninni til þess að ábyrgjast allt að 100 þús. sterlingspunda rekstrarlán handa Útvegsbanka Íslands h/f.

Þótt lán þetta fengist, mundum vér þó eigi taka það fyrir en vér höfum fengið loforð um slík afgangarkjör á skuldum hjá aðal-lánardrottnum bankans, að öruggt sé, að ekkert af þessu nýja láni festist, heldur geti haldið áfram sem breint rekstrarlán, er greiðist að fullu árlega.

Með mikilli virðingu, Fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h/f.

(Sign.) Sv. Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Magnús Torfason,
Lárus Fjeldsted, Eggert Claessen“.